# REIKNINGUR

**Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012.**

## Rekstrarreikningur árið 2012

| | |
|---|---|
| **Tekjur** | **þús. kr.** |
| Framlag úr ríkissjóði | 0 |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 378.000 |
| Sala fasteigna | 2.560.822 |
| Húsaleiga | 16.191 |
| Tekjur alls | 2.955.013 |
| **Framlög** | |
| Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga | 518.000 |
| Framlög til sveitarfélaga v/Framkvæmdasjóðs fatlaðra | 813 |
| | 518.813 |
| **Rekstrarkostnaður** | |
| Laun og launatengd gjöld | 775 |
| Annar rekstrarkostnaður | 15.076 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 15.851 |
| Framlög og gjöld alls | 534.664 |
| Rekstrarhagnaður | 2.420.349 |
| Hreinar fjármagnstekjur | 154.221 |
| Tekjuafgangur ársins | 2.574.570 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| | |
|---|---|
| **Eignir** | |
| *Fastafjármunir:* | |
| Skuldabréf | 2.339.853 |
| Fastafjármunir samtals | 2.339.853 |
| *Veltufjármunir:* | |
| Áfallnar vaxtatekjur | 17.511 |
| Aðrar skammtímakröfur | 51.293 |
| Næsta árs afborganir skuldabréfa | 102.097 |
| Bankareikningar | 215.147 |
| Skammtímakröfur samtals | 386.048 |
| **Eignir alls** | 2.725.901 |
| **Skuldir og eigið fé** | |
| **Eigið fé:** | |
| Höfuðstóll | 2.721.254 |

**Skammtímaskuldir:**

| | |
|---|---|
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur ........................................................... | 3.502 |
| Ógreidd framlög ........................................................................................ | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir ........................................................................ | 1.145 |
| Skammtímaskuldir samtals | 4.647 |
| Skuldir samtals | 4.647 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | 2.725.901 |

## Sjóðstreymi árið 2012

**Rekstrarhreyfingar**

| | |
|---|---|
| *Veltufé frá rekstri:* | |
| Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi ................................... | 2.574.570 |
| Verðbætur skuldabréfa ............................................................................ | ( 97.012) |
| Veltufé frá rekstri | 2.477.558 |
| *Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | |
| Skammtímakröfur (hækkun), lækkun ...................................................... | ( 65.207) |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun ..................................................... | ( 231.946) |
| | ( 297.153) |
| Handbært fé frá rekstri | 2.180.405 |

**Fjárfestingahreyfingar**

| | |
|---|---|
| Skuldabréf ................................................................................................. | ( 2.428.322) |
| Afborganir ................................................................................................ | 83.384 |
| Fjárfestingahreyfingar | ( 2.344.938) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé ............................................................ | ( 164.533) |
| Handbært fé í ársbyrjun ........................................................................... | 379.680 |
| Handbært fé í árslok ................................................................................ | 215.147 |

## Staðfesting ársreiknings

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða.

Á árinu 2012 var tekjuafgangur sjóðsins 2.574,6 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 2.725,9 m.kr., skuldir 4,7 m.kr. og eigið fé 2.721,2 m.kr.

Innanríkisráðherra og formaður ráðgjafarnefndar sjóðsins staðfesta ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012 með áritun sinni.

*Reykjavík, 9. október 2013.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir** innanríkisráðherra.

*Lúðvík Geirsson,*
formaður ráðgjafarnefndar
Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs
sveitarfélaga.

## Áritun endurskoðenda

Til innanríkisráðuneytis og ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda.**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit.**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

*Ríkisendurskoðun, 9. október 2013.*

**Sveinn Arason** ríkisendurskoðandi.

*Sigurgeir Bóasson*
endurskoðandi.

---